VEFRIT DÓMS- OG KIRKJUMÁLARÁÐUNEYTISINS



8. TBL. 3. ÁRG. SEPTEMBER 2008

# 18% færri útlendingar fengu úthlutað kennitölu fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra

Alls fengu 18% færri útlendingar úthlutað kennitölu hjá Þjóðskrá fyrstu sjö mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra. Sé horft til síðustu tveggja ára og þau borin saman má sjá að 13.166 fengu kennitölu frá 1. ágúst 2007 til 31. júlí 2008 samanborið við 14.868 frá 1. ágúst 2006 til 31. júlí 2007, sem er um 11% fækkun milli ára.

Álíka margir fengu útgefnar kennitölur fyrstu tvo mánuði ársins í ár og sömu mánuði í fyrra en frá því í mars hafa færri útlendingar óskað eftir kennitölu í hverjum mánuði, samanborið við árið áður.

Í þessum samanburðartölum er um að ræða útlendinga sem eru á skrá yfir þá sem ekki höfðu tekið upp fasta búsetu hér á landi. Fram til 1. ágúst sl. var afgreiðslu mála háttað þannig að fengju útlendingar á þessari skrá hins vegar útgefið dvalarleyfi hjá Útlendingastofnun voru þeir færðir á íbúaskrá Þjóðskrár og voru þá komnir með lögheimili hér á landi.*

## Flestir frá Póllandi

Fyrstu sjö mánuði ársins fengu Pólverjar úthlutað flestum kennitölum, eins og á sama tíma í fyrra, en þeim fækkaði úr 4.421 í 3.130 milli ára, sem er 29%. Alls óskuðu 52% færri Portúgalir eftir kennitölu á tímabilinu og 77% færri Ítalir, svo dæmi séu tekin. Hins vegar fjölgaði t.d. Tékkum, Slóvökum og Ungverjum.

Færri karlar 18 ára og eldri fengu kennitölu á fyrstu sjö mánuðum þessa árs samanborið við síðasta ár, og nemur fækkunin um 29,2%, en fleiri konur og börn fengu íslenska kennitölu á sama tímabili, samanborið við árið áður.



MBL/BGS

Af þeim 28.034 útlendingum sem fengu úthlutað kennitölu hér á landi frá 1. ágúst 2006 til 31. júlí 2008 voru 14.187 á höfuðborgarsvæðinu, 2.420 á Austurlandi og 7.091 á öðrum landsvæðum. Þá voru gefnar út kennitölur fyrir 4.336 manns erlendis.

Meðfylgjandi eru nokkrar töflur með upplýsingum frá Þjóðskrá um útgáfu kennitalna til útlendinga frá ágúst 2006 til 31. júlí 2008.

**Sérreglur gilda um Norðurlandabúa sem geta tekið upp fasta búsetu hér á landi án dvalarleyfis, óski þeir að flytja lögheimili sitt til Íslands á grundvelli Norðurlandasamnings um almannaskráningu. Frá 1. ágúst gilda enn fremur sérreglur um útlendinga af Evrópska efnahagssvæðinu því nú geta þeir tekið upp fasta búsetu hér á landi án útgáfu dvalarleyfis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum í lögum um útlendinga.*

## ÚTGÁFA KENNITALNA TIL ERLENDRA RÍKISBORGARA 1. ÁGÚST 2006–31. JÚLÍ 2008

| | Fjöldi | Lögheimili síðan skráð % |
|---|---|---|
| **Alls:** | 28.034 | 44 |
| **RÍKISFANG** | | |
| Pólland | 13.916 | 56 |
| Litháen | 1.916 | 42 |
| Þýskaland | 1.138 | 35 |
| Lettland | 1.041 | 29 |
| Portúgal | 774 | 44 |
| Svíþjóð | 731 | 11 |
| Bandaríkin | 631 | 35 |
| Bretland | 592 | 20 |
| Danmörk | 569 | 21 |
| Ítalía | 534 | 18 |
| Tékkland | 527 | 43 |
| Slóvakía | 455 | 45 |
| Kanada | 373 | 42 |
| Frakkland | 339 | 24 |
| Finnland | 330 | 6 |
| Ungverjaland | 288 | 31 |
| Noregur | 263 | 12 |
| Filippseyjar | 249 | 51 |
| Kína | 243 | 32 |
| Spánn | 210 | 19 |
| Indland | 193 | 34 |
| Holland | 190 | 19 |
| Taíland | 176 | 60 |
| Rúmenía | 169 | 33 |
| Austurríki | 146 | 24 |
| Eistland | 130 | 34 |
| Rússland | 107 | 44 |
| Úkraína | 95 | 43 |
| Brasilía | 85 | 35 |
| Serbía | 83 | 35 |
| Slóvenía | 81 | 31 |
| Víetnam | 81 | 38 |
| Sviss | 79 | 39 |
| Nýja-Sjáland | 79 | 16 |
| Belgía | 71 | 31 |
| Ríkisfangslausir | 70 | 30 |
| Írland | 68 | 16 |
| Japan | 62 | 19 |
| Annað ríkisfang (95) | 950 | 46 |




## SAMANBURÐUR MILLI ÁRA 1. ÁGÚST 2006–31. JÚLÍ 2008

- 1. ágúst 2006 - 31. júlí 2007
- 1. ágúst 2007 - 31. júlí 2008

*Sjá ítarlegri töflur á síðu 2. Einnig má nálgast meðfylgjandi töflur í Excel-skjali á vefsíðu dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, www.domsmalaraduneyti.is.*

Umsjón: Elísabet M. Jónasdóttir
elisabet.jonasdottir@dkm.stjr.is
Ábyrgðarmaður: Ragna Árnadóttir
www.domsmalaraduneyti.is
ISBN-9979-884-34-7

## ÚTGÁFA KENNITALNA TIL ERLENDRA RÍKISBORGARA* 1. ÁGÚST 2006–31. JÚLÍ 2008

| | Ágúst 2006-júlí 2008 | | | Tímabilið ágúst-júlí | | | Tímabilið janúar-júlí | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | Lögheimili síðan skráð | | | | | | | |
| | Alls | Fjöldi | % | Ág. 2006-júlí 2007 | Ág. 2007-júlí 2008 | Breyting % | Jan.-júlí 2007 | Jan.-júlí 2008 | Breyting % |
| **Alls** | **28.034** | **12.449** | **44** | **14.868** | **13.166** | **-11** | **8.261** | **6.771** | **-18** |
| **Kyn og aldur** | | | | | | | | | |
| Karlar 18 ára og eldri | 18.090 | 7.691 | 43 | 10.028 | 8.062 | -20 | 5.701 | 4.038 | -29 |
| Konur 18 ára og eldri | 8.200 | 3.582 | 44 | 4.049 | 4.151 | 3 | 2.162 | 2.258 | 4 |
| Börn 17 ára og yngri | 1.744 | 1.176 | 67 | 791 | 953 | 20 | 398 | 475 | 19 |
| **Aðsetur** | | | | | | | | | |
| Á Íslandi | 23.698 | 11.039 | 47 | 12.500 | 11.198 | -10 | 6.923 | 5.629 | -19 |
| *Höfuðborgarsvæði* | 14.187 | 6.917 | 49 | 6.986 | 7.201 | 3 | 3.819 | 3.640 | -5 |
| *Austurland* | 2.420 | 930 | 38 | 1.700 | 720 | -58 | 1.126 | 321 | -71 |
| *Önnur landsvæði* | 7.091 | 3.192 | 45 | 3.814 | 3.277 | -14 | 1.978 | 1.668 | -16 |
| Erlendis | 4.336 | 1.410 | 33 | 2.368 | 1.968 | -17 | 1.338 | 1.142 | -15 |
| **Ríkisfang (í 132 ríkjum auk ríkisfangslausra)** | | | | | | | | | |
| Pólland | 13.916 | 7.824 | 56 | 7.644 | 6.272 | -18 | 4.421 | 3.130 | -29 |
| Litháen | 1.916 | 812 | 42 | 992 | 924 | -7 | 529 | 470 | -11 |
| Þýskaland | 1.138 | 395 | 35 | 594 | 544 | -8 | 266 | 250 | -6 |
| Lettland | 1.041 | 297 | 29 | 518 | 523 | 1 | 263 | 278 | 6 |
| Portúgal | 774 | 339 | 44 | 498 | 276 | -45 | 308 | 148 | -52 |
| Svíþjóð | 731 | 78 | 11 | 369 | 362 | -2 | 167 | 144 | -14 |
| Bandaríkin | 631 | 220 | 35 | 313 | 318 | 2 | 144 | 160 | 11 |
| Bretland | 592 | 120 | 20 | 287 | 305 | 6 | 150 | 145 | -3 |
| Danmörk | 569 | 120 | 21 | 291 | 278 | -5 | 166 | 108 | -35 |
| Ítalía | 534 | 98 | 18 | 428 | 106 | -75 | 290 | 66 | -77 |
| Tékkland | 527 | 228 | 43 | 265 | 262 | -1 | 125 | 150 | 20 |
| Slóvakía | 455 | 207 | 45 | 202 | 253 | 25 | 111 | 149 | 34 |
| Kanada | 373 | 158 | 42 | 199 | 174 | -13 | 128 | 95 | -26 |
| Frakkland | 339 | 82 | 24 | 176 | 163 | -7 | 95 | 82 | -14 |
| Finnland | 330 | 21 | 6 | 153 | 177 | 16 | 97 | 101 | 4 |
| Ungverjaland | 288 | 89 | 31 | 71 | 217 | 206 | 37 | 126 | 241 |
| Noregur | 263 | 32 | 12 | 130 | 133 | 2 | 73 | 62 | -15 |
| Filippseyjar | 249 | 126 | 51 | 136 | 113 | -17 | 64 | 71 | 11 |
| Kína | 243 | 77 | 32 | 99 | 144 | 46 | 69 | 118 | 71 |
| Spánn | 210 | 39 | 19 | 95 | 115 | 21 | 37 | 66 | 78 |
| Indland | 193 | 65 | 34 | 63 | 130 | 106 | 34 | 73 | 115 |
| Holland | 190 | 36 | 19 | 101 | 89 | -12 | 67 | 59 | -12 |
| Taíland | 176 | 105 | 60 | 91 | 85 | -7 | 43 | 50 | 16 |
| Rúmenía | 169 | 56 | 33 | 83 | 86 | 4 | 34 | 33 | -3 |
| Austurríki | 146 | 35 | 24 | 68 | 78 | 15 | 30 | 36 | 20 |
| Eistland | 130 | 44 | 34 | 53 | 77 | 45 | 29 | 38 | 31 |
| Rússland | 107 | 47 | 44 | 56 | 51 | -9 | 26 | 31 | 19 |
| Úkraína | 95 | 41 | 43 | 43 | 52 | 21 | 23 | 30 | 30 |
| Brasilía | 85 | 30 | 35 | 34 | 51 | 50 | 13 | 38 | 192 |
| Serbía | 83 | 29 | 35 | 46 | 37 | -20 | 21 | 27 | 29 |
| Slóvenía | 81 | 25 | 31 | 49 | 32 | -35 | 28 | 25 | -11 |
| Víetnam | 81 | 31 | 38 | 31 | 50 | 61 | 18 | 27 | 50 |
| Sviss | 79 | 31 | 39 | 41 | 38 | -7 | 24 | 17 | -29 |
| Nýja-Sjáland | 79 | 13 | 16 | 38 | 41 | 8 | 6 | 19 | 217 |
| Belgía | 71 | 22 | 31 | 48 | 23 | -52 | 24 | 8 | -67 |
| Ríkisfangslausir | 70 | 21 | 30 | 27 | 43 | 59 | 19 | 30 | 58 |
| Írland | 68 | 11 | 16 | 39 | 29 | -26 | 18 | 17 | -6 |
| Japan | 62 | 12 | 19 | 28 | 34 | 21 | 14 | 22 | 57 |
| Annað ríkisfang (95) | 950 | 433 | 46 | 469 | 481 | 3 | 250 | 272 | 9 |

* Hér er átt við útlendinga sem ekki hafa tekið upp fasta búsetu á Íslandi og fengu því ekki skráð lögheimili hér á landi við útgáfu kennitölu.